



Dalvíkurskóli

Tónmennt

Námsþáttur	5. bekkur	6. bekkur	7. bekkur
<p>Menningarlæsi (sameiginleg hæfniviðmið fyrir list og verkgreina bls. 142)</p>	<p>Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 150-151):</p> <ul style="list-style-type: none"> • Útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar. • Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni. • Tekið tillit til annarra í hópvinnu og sýnt frumkvæði. • Haft sjálfbærni að leiðarljósi í vinnu sinni. • Beitt helstu tækni sem námsgreinin býr yfir. • Gert grein fyrir menningarlegu hlutverki list- og verkgreina. • Gert grein fyrri helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans. • Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði. • Lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum. 		
<p>Hæfniviðmið fyrir tónmennt</p>	<p>Við lok 7. bekkjar á nemandi að geta (skv. Aðalnámskrá grunnskóla bls. 148-149):</p> <ul style="list-style-type: none"> • Greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun. • Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra. • Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk. • Tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það. • Greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana. • Greint og útskýrt samhengi tónlistar og ólík tónlistarstilbrigði og tengt við þá menningu sem hann er sprottinn úr. • Greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni. 		
<p>Nemandi:</p>	<ul style="list-style-type: none"> • sé fær um að nýta sér hljóðfæri (ukulele, slagverk) til sköpunar og ánægju. • Geti tekið þátt í samsöng með öðrum og njóti þess að syngja fjölbreytt lög. • Þekki form laga (ABA) og uppbyggingu (viðlag og vers, forspil o.s.frv.). • Kynnist líkamanum sem hljóðfæri "BodyPercussion" og verði fær um að taka þátt í samspili með líkamann sem hljóðfæri. • Þekki muninn á mismunandi tónlistarstílum, s.s. rokki, poppi, jazzi, blús og fönki. Geti útskýrt muninn og greint hann í gegnum hlustunardæmi. • Geti notað skólahljóðfærin á skapandi hátt, við túlkun og undirleik. • Hafi kynnst forritum/öppum sem nýtast við tónlistarsköpun og upptökur. • Geti nýtt sér tónlistarforrit / öpp við tónlistarsköpun. 	<ul style="list-style-type: none"> • Sé fær um að njóta, hlusta og meta tónlist frá mismunandi tímabilum og menningarsvæðum. • Hafi kynnst upphafi rokk- og popptónlistar, bæði erlendar og innlendar. • Hafi kynnst helstu flytjendum og hljómsveitum í rokk- og poppsögunni. • Hafi kynnst því hvernig tónlist getur öðlast endurnýjun lífdaga með nýju tónlistarfólki í gegnum sömpl. • Geti gert grein fyrir og hafi kynnst helstu tímabilum tónlistarsögunnar: Miðaldir, Endurreisn, Barrokk, Klassík, Rómantik og Nútíminn. • Hafi kynnst helstu áherslum í tónlist á hverju þessara tímabila, hvaða tónskáld eru þekktust og hvaða hljóðfæri voru í hávegum höfð á hvaða tímabili fyrir sig. • Hafi kynnst því að semja og búa til tónlist í gegnum spjaldtölvur. • Hafa tekið þátt í "spuna" og tónsköpun. • Geti gert greinarmun á blæbrigðum í tónlist frá mismunandi tímabilum og stefnum. 	<ul style="list-style-type: none"> • Geti unnið í hópastarfi með samnemendum, sýni öðrum virðingu og taki ábyrgð á eigin hlutverki. • Hafi kynnst ólíkum tónlistarstílum með hlustun, söng og áhorfi (myndmiðlar). • Hafi kynnst grunnþáttum tónlistar (formi, blæ, tónhæð, styrkleika, lengdargildum o.s.frv.). • Er fær um að taka þátt í einföldu en skapandi samspili með hefðbundnum skólahljóðfærum (slagverk, bassi, rafmagnsgítar o.s.frv.) • Hafi kynnst og fengið að handleika helstu bílskúrsbandshljóðfærin (Rafmagnsgítar, bassa, trommur og hljómborð). • Er fær um að nota þessi hljóðfæri á viðeigandi hátt, t.d. að tengja gítar og bassa við magnara. Geri sér grein fyrir þeim aukahlutum sem þarf til, s.s. snúrur, stillitæki, plastneglur o.s.frv. • Er fær um að spila nokkra grunnhljóma á ukulele og geti nýtt sér það til eigin undirleiks við söng.



	<ul style="list-style-type: none">• Geti lagt mat á og gagnrýnt hina ýmsu tónlist með uppbyggilegum og sanngjörnum hætti.• Þjálfist í hrynmýndun með líkamann og skólahljóðfærin í forgrunni.• Kynnist effectum (aukahlutir fyrir rafgítarleikara) og átti sig á notkunarmöguleikum þeirra við tónlistarsköpun.• Hafi kynnst og geti sungið þekkt árstíðarbundin lög, t.a.m. vorlög, jólalög, þorralög, eurovision, sumarsmelli o.s.frv.• Kynnist og þekki verk eftir þekktu íslenska listamenn.• Hafi kynnst nótnaskrift og hvernig má skrásetja tónlist með óhefðbundnum hætti með grafískri nótnaskrift.		
--	--	--	--